

Vatnajökulsþjóðgarður
Klapparstíg 25-27, 4. hæð,
101 Reykjavík
sogv@vjp.is

Egilsstöðum, 24. 06. 2010

Efni: Athugasemdir Skógræktar ríkisins við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs

F.h. Skógræktar ríkisins eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í kafla 9.1.1. er fjallað um *svæði með lúpínu og öðrum framandi, ágengum tegundum* og tekin eindregin afstaða um að eyða þeim. Lagt er til að þessi afstaða verði endurskoðuð, því eyðing lúpínu og/eða annarra tegunda getur verið bæði kostnaðarsöm og tilgangslítill. Frekar ætti stefna þjóðgarðsins að vera sú að meta áhrif lúpínu og annarra ágengra lífverutegunda (ekki bara plantna) á heildar líffræðilega fjölbreytni (ekki bara fjölda háplöntutegunda) svæðisins þar sem þær finnast. Einnig ætti að meta líkurnar á að ágengar tegundir (innfluttar og innlendar) ógni sjaldgæfum tegundum. Í framhaldi af því er hægt að taka vel ígrundaðar ákvarðanir um aðgerðir til að eyða eða stjórna útbreiðslu ágengu tegundanna ef þörf þykir.

Með öðrum orðum telur Skógrækt ríkisins að ekki beri að hafa það sem prinsípatríði að útlendum tegundum skuli úthýst úr þjóðgarðinum. Eðlilegra sé að meta raunverulega ógn í hverju tilviki og miða aðgerðir við útkomu þess mats.

Í kafla 9.1.2. er fjallað um *skóginn í Ásbyrgi*. Skógrækt ríkisins fer fram á að eftirfarandi setningu verði bætt við forsendurnar: *Þótt Ásbyrgi sé hluti þjóðgarðsins er það jafnframt eign Skógræktar ríkisins og eru því allar framkvæmdir þar háðar samþykki hennar*. Allt frá stofnun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum hefur verið ágætt samstarf á milli Skógræktar ríkisins og þjóðgarðsins um stefnu og framkvæmdir í Ásbyrgi. Ekkert er því til fyrirstöðu að svo verði áfram.

Í lok forsendagreinarinnar um Ásbyrgi er sagt að *þau skyggja á kletta Ásbyrgis og byrgja útsýni* og er þar átt við innflutt barrtré. Birki og reyniviður skyggja ekki síður á kletta Ásbyrgis og hamla útsýni frá og að ýmsum stöðum. Skógrækt ríkisins hefur grisjað skóg og fjarlægt tré til að viðhalda útsýni í Ásbyrgi frá því áður en barrtré voru gróðursett þar og gert er ráð fyrir að svo verði áfram. Á seinni árum hafa gróðursetningar innfluttra trjáa verið grisjaðar, en mun meira hefur verið fellt af birki til að viðhalda stígum og útsýni frá tilteknum stöðum. Það er því rangt að einblína á barrtré í þessu sambandi. Lagt er til að setningu verði: *Tré skyggja á kletta Ásbyrgis og byrgja útsýni*.

Markmið og skilmálar varðandi Ásbyrgi eru óásættanlegir eins og þeir eru settir fram. Þar er fjallað um birkiskóginn annars vegar og erlendar trjátegundir hins vegar. Skógrækt ríkisins hafnar þessari tvískiptingu, því bæði eru innfluttu tegundirnar hluti af líffræðilegri fjölbreytni skógarins og í Ásbyrgi er einn mesti náttúrlegi þéttleiki reyniviðar á landinu. Reyniviðurinn og innfluttu tegundirnar hafa verndargildi ekki síður en birkið. Reyndar hefur komið í ljós að innfluttu tegundirnar stuðla að aukinni útbreyðslu reyniviðar, sem vex gjarnan upp þegar barrskógur er grisjaður. Lagt er til að markmið og skilmálar í Ásbyrgi verði:

Markmið:

Að viðhalda og efla líffræðilega fjölbreytni skógarins.

Að stuðla að aukinni útbreyðslu reyniviðar.

Hlutdeild innfluttra trjátegunda í skóginum aukist ekki.

Að viðhalda útsýni af Ásbyrgisvegi og öðrum mikilvægum útsýnisstöðum.

Að viðhalda góðu aðgengi.

Skilmálar:

Skógur verði grisjaður eins og edlilegt þykir til að viðhalda aðgengi, útsýni og fjölbreytni. Við grisjun eða lokafellingu innfluttra tegunda verði stuðlað að endurnýjun skógarins með sjálfsáningu innlendra tegunda en sjálfsánar plöntur innfluttra tegunda fjarlægðar.

Í kafla 9.1.2. er einnig fjallað um **landgræðslusvæði í Grjóthálsi og Hestatorfum**. Land á þessu svæði er mest í 350-450 m hæð og því ekki ofan þeirra marka sem birki getur vaxið og myndað kjarr. Til að uppgræðsla og hefting jarðvegsrofs verði varanleg og sjálfbær á þessu svæði þarf að koma þar upp birkikjarri. Vegna fjarlægðar frá fræuppsprettum verður það varla gert nema með gróðursetningu. Skógrækt ríkisins leggur til að eftirfarandi setningu verði bætt við skilmálana:

Birki verður gróðursett á rofsvæðum til að stuðla að varanleika uppgræðslu og jarðvegsverndar.

Í kafla 9.1.4. er fjallað um **Lambhagann í Skaftafelli**. Sitkagrenilundurinn þar er einn sá elsti á landinu og hefur mikið verndargildi út frá sögu skógræktar á Íslandi svipað og furulundurinn á Þingvöllum. Grenilundurinn ber að vernda. Öspin er meðal elstu alaskaaspa og stærri trjáa landsins og hefur einnig talsvert verndargildi. Hún mun ekki fjölga sér með fræi, eingöngu með rótarskotum, og því mun hún ekki dreifast langar leiðir. Því er vandséð hvaða ógn stafi af öspinni í Lambhaganum fyrir þjóðgarðinn. *Skógrækt ríkisins leggur til að öspin verði ekki fjarlægð.*

Í kafla 9.1.4. er einnig fjallað um **Birkiskóga – Bæjarstaðaskógur og skógur vestan í Skaftafellsheiði, skóglendi í Hoffellsfjöllum**. Þessir skógar hafa verið að sá sér út, ekki síst Bæjarstaðaskógur bæði í nærliggjandi brekkur og niður á sanda. Það er mjög jákvæð þróun og má skoðast sem framlag Vatnajökulsþjóðgarðs til stefnu stjórnvalda um að auka útbreyðslu birkis, sbr. skýrslu umhverfisráðuneytisins 2007: Vernd og endurheimt

íslenskra birkiskóga. Í þeirri skýrslu kemur m.a. fram að besta vernd birkiskóga felist í aukinni útbreiðslu þeirra. Í ljósi hnattrænnar hlýnunar er ekki síst þörf á að birki geti breiðst út til svæða í meiri hæð og inn á svæði þar sem jöklar hopa. Því er lagt til að eftirfarandi setningu verði bætt við undir markmiðum: *Stuðla að aukinni útbreiðslu birkis.*

Nú er komin yfir 50 ára reynsla af sjálfsáningu nokkurra innfluttra trjáteguna hér á landi. Hún er sú að þau sá sér í rofsvæði og vegakanta í nágrenni móðurtrjána en lítið eða ekkert í vel groið land. Birkiskógur er meðal þeirra gróðurhverfa þar sem hvað minnst líkur eru á að innfluttar trjátegunir sái sér. Það markmið *að koma í veg fyrir útbreiðslu erlendra trjáteguna* í birkiskógunum er því óþarft.

Í kafla 9.1.4. er fjallað um **verndun náttúrulegs gróðurfars í Morsárdal**. Skógrækt ríkisins tekur heilshugar undir áhyggjur af aukinni ásókn sauðfjár inn á svæðið eftir að Skeiðará breytti um farveg. Beitar tilraunin á aurunum fyrir neðan Bæjarstaðaskóg sýnir svo ekki verður um villst að kindur bíta birki, víði og annan gróður áður en þær fara að hafa teljandi áhrif á lúpínu. Það sem kemur fram í forsendum um *að hugsanlegt sé að takmörkuð beit undir markvissri stjórnun geti átt þátt í að eyða lúpínu* er ekki rétt nema menn sætti sig við að eyða birki, víði og öðrum gróðri í leiðinni. Aukin beit á þessu svæði er mun líklegri til að hefta útbreiðslu birkis en lúpínu. Það er tæplega á nokkurn hátt betra að ágenga, innflutta tegundin sauðkind eyði gróðri en að lúpínan gerð það.

Skógrækt ríkisins leggur til að hætt verði við allar tilraunir til að breyta aurunum í Morsárdal í ónáttúrulegt graslandi með beit. Þess í stað verði lúpínan skyggð út með birkiskógi á kerfisbundinn hátt með blöndu af slætti og gróðursetningu birkis þar sem það hefur ekki þegar sáð sér. Ef kindur taka að leita inn í Morsárdal er ekkert annað í stöðunni en að girða á mörkum þjóðgarðsins.

F.h. Skógræktar ríkisins

Dr. Þröstur Eysteinnsson
Sviðsstjóri Þjóðskóganna